



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2024
USK23050330

Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um eyðingu fjara í borgarlandinu.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 21. júní 2023 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um eyðingu fjara í borgarlandinu., sbr. 32. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 31. maí 2023.

Hversu stór hluti af fjörum í borgarlandinu hafa verið huldar framandi jarðvegi, steypubrotum og öðrum úrgangi, og sem kallast landfylling innan borgarkerfisins og hversu að stór hluti af þeim eru í Skerjafirði? Í glænýrri frétt segir að Ísland sé langt undir meðaltali OECD ríkjanna þegar kemur að skipulögðum grænum svæðum í þéttbýli. Einungis 3.5% svæða í þéttbýli eru skipulögð sem græn svæði hérlendis samanborið við 17% meðaltal OECD ríkjanna.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

Umsögn:

Í kaflanum um Grænu borgina í aðalskipulagi Reykjavíkur eru strandsvæði sögð vera alls 2,8 km² og strandlengjan á nesinu alls 29 km löng. Ósnortin eða amk. lítt snortin fjara er um helmingur af strandlengjunni, milli 14 og 15 km. Það er megnið af strönd Skerjafjarðar, Laugarnes, Grafarvogur og svo norðurströndin frá Gufunes að ósum Úlfarsár.

Röskuð strönd Skerjafjarðar er Nauthólsvíkin, flugbrautarendi og þar sem var olíubirgðastöð, alls rúmlega kílómetri.

Undirrituðum er ekki kunnugt um hvað býr að baki tölum í frétt sem vísað er til. En það getur verið vandasamt að skilgreina græn svæði eða opin svæði því þau eru æði mismunandi. Í gagnagrunni Landupplýsingakerfis Reykjavíkur er hlutfall skipulagðra útivistarsvæða af heildar þéttbýlissvæðinu í kringum 33%. Þetta eru reyndar svæði af mismunandi toga allt frá helgunarsvæðum meðfram umferðargötum til gróðursvæða inn í hverfum.

Ef tekin eru saman borgargarðar, hverfisgarðar, leik- og dvalarsvæði auk strandsvæða og kirkjugarða í Aðalskipulagi Reykjavíkur þá gerir það alls um 30% af þéttbýlissvæði borgarinnar. (Tölur úr kaflanum um Grænu borgina).



Til viðbótar mætti telja til grænna svæða eða a.m.k. svæði sem nýtast til útivistar, matjurtagarða, skólalóðir og leikskólalóðir og ýmsar stofnanalóðir borgarinnar s.s. Ásmundarsafn og ýmsar lóðir ríkisins s.s. lóðir Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Þórólfur Jónsson
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík